

# ársáætlun



UMHVERFISSTOFNUN

Akureyri - Egilstaðir - Hella - Ísafjörður - Mývatn  
Patrekshöfður - Reykjavík - Snæfellsnes - Vestmannaeyjar

2016





UMHVERFISSTOFNUN



UMHVERFIS- OG  
AUÐLINDARÁÐUNEYTIÐ

Eftirfarandi ársáætlun fyrir árið 2016 er samþykkt af neðan-  
greindum í samræmi við árangursstjórnunarsamning milli  
umhverfis- og auðlindaráðuneytis og Umhverfisstofnunar

  
FYRIR HÖND UMHVERFISSTOFNUNAR

  
FYRIR HÖND UMHVERFIS- OG AUÐLINDARÁÐUNEYTIS

# Miðlun upplýsinga

Ársáætlun 2016 byggir á stefnumótun Umhverfisstofnunar 2013-2017 sem mótar umgjörð um okkar vinnu. Jafnframt er horft til stefnu stjórnvalda í málaflokknum. Ársáætlun er skipt upp eftir markmiðum stofnunarinnar sem eru átta talsins og undir hverju og einu markmiði er að finna yfirlit yfir föst verkefni, fjölda þeirra, málshraðaviðmið og undir hvaða teymi þau heyra. Jafnframt er yfirlit yfir áhersluverkefni og gagnaskil á árinu auk rekstraráætlunar stofnunarinnar. Í ársáætlun eru sett fram hvernig við munum vinna að þeim meginmarkmiðum sem við höfum sett okkur og getum í lok ársins mælt þann árangur. Ársáætlun er þannig leiðarljós stofnunarinnar yfir árið. Grundvöllur fyrir árangur í stefnumótun Umhverfisstofnunar er skýr forgangsröðun og gott skipulag.

## Bætt þjónusta

Við höfum verið að leggja mikla áherslu á að bæta þjónustu við viðskiptavinum okkar. Við höfum tekið upp mínar síður og rafræn þjónusta bætt. Stórum áfanga verður náð á árinu 2016 þegar við bjóðum upp á rafræn veiðikort til veiðimanna en það er von mín að þessi breyting muni bæta verulega þjónustu okkar við veiðimenn. Við náum þar tvöföldum árangri, drögum úr pappírnotkun og bætum þjónustu við okkar viðskiptavinum.

## Sérstakar áherslur ársins 2016

- » *Bætt gagnaskil til alþjóðastofnana*
- » *Fylgjumst með árangri*
- » *Miðlum árangri*

Á árinu 2016 stefnum við að því að stórbæta gagnaskil til alþjóðastofnana, við leggjum áherslu á að fylgjast með þeim árangri sem verið er að ná í umhverfismálum og miðla þeim árangri til hagsmunaaðila og almennings. Markmiðið er að koma nýtsamlegum, tímanlegum og skiljanlegum upplýsingum á framfæri svo að sem flestir geti nýtt sér þær.

Unnið verður að gerð samkomulags við rannsóknarstofnanir til að tryggja að við fáum þær upplýsingar sem nauðsynlegar eru til að standa undir þeim lögbundnu kröfum og alþjóðlegum skuldbindingum um gagnaskil. Við viljum stuðla að því að þær upplýsingar sem koma vegna vöktunarverkefna séu aðgengilegar, skilað til réttara aðila og almenningur upplýstur um stöðu umhverfismála á Íslandi. Við þurfum að geta veitt ákvörðunaraðilum tímanlegar upplýsingar sem hægt er að nota til að bæta stefnumótun og ákvarðanatöku.

## Samvinna til árangurs

Við trúum á að til að ná árangri í umhverfismálum þá þurfi að vinna með öðrum stofnunum, sveitarfélögum og hagsmunaaðilum. Við þurfum að beita fjölbreyttari verkfærum til að ná árangri, boð og bönn eru til framtíðar nefnilega ekki alltaf vænlegust til að ná árangri.


## Grænir ferðamannastaðir

Við viljum leggja okkar að mörkum til að byggja upp græna ferðamannastaði. Ísland er þekkt fyrir hreinleika og við viljum tryggja að þeir áfangastaðir sem ferðamenn sækja uppfylli væntingar. Ekki bara með uppbyggingu stíga eða útsýnispalla heldur þarf að huga öllum þáttum umhverfisverndar, hreinleika vatns, skólpálmálum, hvaða hreinsiefni eða sápur eru notaðar, hvernig er ferðast á milli staða og spyrja hvort sé hvatt til flokkunar sorps eða tryggt að ekkert sé skilið eftir. Grænir ferðamannastaðir eru vegvísar til að tryggja sjálfbæra ferðaþjónustu til framtíðar sem við getum öll verið stolt af.



Kristín Linda Arnadóttir

FORSTJÓRI UMHVERFISSTOFNUNAR



# Gæði og þjónusta

Með nýrri gæða- og þjónustustefnu á árinu 2015 var sjónum beint að hversu þétt gæði og þjónusta haldast í hendur. Eftirfylgniáætlun með tímasettum markmiðum til ársins 2017 var gerð í kjölfar samþykktar stefnunnar eða til jafn langs tíma og gildandi meginstefna stofnunar. Í gæða- og þjónustustefnunni er lögð áhersla á faglegan styrk og áreiðanlegar upplýsingar með gegnsæi og góðri upplýsingagjöf. Öflun gagna og þekkingar er mikilvægur þáttur í að draga fram að hvaða marki er stefnt. Þannig lætur stofnunin árlega framkvæma ímyndarkönnun meðal almennings, þjónustukönnun meðal veiðimanna, tekur þátt í könnuninni Stofnun ársins, lætur framkvæma mánaðarlegar árangursmælingar á gæðum innra

starfs og stjórnunar og fylgist grannt með máls- hraða afgreiðsluerinda. Fjallað er um niðurstöður á opinn máta og unnið að úrbótum eftir föngum. Á árinu 2016 eru sett fram eftirfarandi áhersluverkefni tengd gæða- og þjónustustefnu:

- » *Uppsetning á mælingahugbúnaði fyrir símkerfi: Uppsettur búnaður fyrir símkerfið sem uppfyllir kröfur stofnunar um mælingar.*
- » *Fjöldi símtala sem ekki er svarað: Niðurstöður um fjölda ósvaraðra símtala, sem unnið verður áfram með.*
- » *Allir starfsmenn séu í merktum fatnaði í eftirliti og við landvörslu: Gátlisti um samræmdan búnað eftir tegund starfa.*

## Framtíðarsýn Umhverfisstofnunar

*Við gegnum leiðandi hlutverki í sjálfbærri þróun í samfélaginu í þágu allra landsmanna og náttúrunnar.*

### VIÐ NÁUM ÞESSU FRAM MEÐ ÞVÍ AÐ

- » *Afla, meta og miðla bestu upplýsingum og þekkingu um ástand umhverfisins.*
- » *Beita stýrandi og hvetjandi aðgerðum til árangurs*
- » *Efla samráð og veita góða þjónustu*

- » *Búa yfir nauðsynlegu skipulagi, þekkingu, stjórnækjum og verkfærum*
- » *Vera til fyrirmyndar í umhverfismálum*

Markmiðin sem sett eru fram myndrænt eru sex umhverfismarkmið sem endurspeglar megináskoranir okkar í umhverfismálum. Undirstaða þeirra eru tvær stöðir sem snúa að samvinnu, verklagi og aðbúnaði til þess að ná árangri.

# Tökum upplýstar ákvarðanir í umhverfismálum


» MÆLUM » SETJUM MARKMIÐ » MIÐLUM ÁRANGRI

Umhverfismál eru ekki lengur mál sem eingöngu varða umhverfið. Umhverfismál eru nú órjúfanlegur hluti umræðunnar um efnahags- og þjóðfélagsmál. Þau eru mál málanna. Núverandi neyslu- og framleiðslumynstur eykur ekki bara lífsgæði okkar – heldur einnig á þversagnarkenndan hátt - minnkar þau um leið. Þetta eru ekki verkefni sem næsta kynslóð á að takast á við, heldur er þetta verkefni núverandi kynslóða.

Upplýsingar sem byggja á gæðamælingum vatns, lofts, sjávar og lands eru okkur mikilvægar. Þessar upplýsingar auka skilning okkar á því sem á sér stað í umhverfi okkar og orsökum þess. Þær eru það sem við byggjum ákvarðanir okkar á. Ákvarðanir sem ættu að auka líkur á að við njótum áframhaldandi lífsgæða. Hlutverk stofnanna eins og Umhverfisstofnunar er ekki eingöngu að standa vörð um auðlindir heldur einnig upplýsa um stöðu auðlindanna. Hversu tært er vatnið okkar? Hversu hreint er loftið?


Ísland þarf að veita gagnamálum mun meiri athygli og ráðamenn að skilja betur mikilvægi gagna og upplýsinga um auðlindir. Á þessum upplýsingum byggja ákvarðanir okkar til framtíðar. Ísland hefur ekki farið varhluta af því frekar en önnur lönd að mengun virðir ekki landamæri. Það sýnir mikilvægi þess að mælingar og vinnsla gagna um umhverfi Íslands séu samanburðarhæfar gögnum erlendra ríkja. Mælingar og gagnaöflun þurfa því að lúta sömu skilgreiningum og sömu reglum og fylgja alþjóðlegum mælikvörðum. Alþjóðlegt samstarf í gagnaöflun er því mikilvægt.

Mælingar á ástandi umhverfisins á Íslandi eru framkvæmdar oft vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Markmið sem við setjum okkur eru einnig oft vegna alþjóðlegra skuldbindinga. Mæling á stöðu eins, segir ekki mikið nema í samanburði við stöðu annars. Því er ekki nóg að Íslendingar mæli og safni gögnum eftir eigin geðþótta því gögn verða að vera samanburðarhæf. Því er mikilvægt að bæta árangur Íslands í gagnaskilum um stöðu umhverfisins á Íslandi til alþjóðastofnanna, en hún er um nú um 50% á meðan nágrannaríki okkar liggja á bilinu 95-99%. Það er því eitt af áherslum ársins að koma Íslandi nær því sem gerist í löndunum í kringum okkur. Stofnunin hefur sett tvö áhersluverkefni á áætlun ársins til að vinna að betri árangri í gagnaskilum. Verkefnið stuðla að betra yfirliti yfir skyldur Íslands, skýrari ábyrgð gagnaskila og skilvirkari vinnuferil sem tryggja á að gögnum sé skilað á réttum tíma.



MYND 1 DATA FLOW AE1: LRTAP DATA, 2014-2015.  
<http://www.eea.europa.eu/publications/eionet-priority-dataflows>

## Leiðandi stofnun



### Fagmennska

Við öflum bestu þekkingar og gagna og tökum ákvarðanir byggðar á þeim. Við leggjum áherslu á gegnsæi og rétt almenning til upplýsinga um öll okkar störf.

### Samvinna


Við nýtum styrkleika hvers annars og vinnum saman að úrlausn ólíkra verkefna. Við leitum samstarfs við almenning og hagsmunaaðila.

### Framsýni

Við horfum til framtíðar og fylgjumst grannt með þróun umhverfismála. Við erum leiðandi afl í samfélaginu með sjálfbæra þróun að markmiði í öllu okkar starfi.

### Virðing

Við berum umhyggju fyrir umhverfinu, erum stolt af þeirri ábyrgð sem samfélagið felur okkur og komum fram af heiðarleika og sanngirni.



# Verkefnin tala sínu máli

Verkefni ársins 2016 eru birt undir viðeigandi markmiðum. Þau sýna þá aðgerðaráætlun sem fara skal eftir til þess að ná þeim markmiðum sem stofnunin hefur sett sér að vinna að til ársins 2017. Við gerð ársáætlunar er kappkostað að setja saman áætlun sem gerir okkur kleift að vinna skipulega til þess að ná betri árangri. Tengsl eru á milli áhersluverkefna og afgreiðsluverkefna og undir liðinn áhersluverkefni eru eingöngu sett þau verkefni sem stofnunin telur nauðsynlegt að fara í til þess að tryggja að hún uppfylli hlutverk sitt og sinni lögbundnum afgreiðsluverkefnum. Í yfirliti yfir fjölda afgreiðsluverkefna eru settar fram rauntölur ásamt

mati á því hver fjöldi þeirra verði á næsta ári. Rétt er að benda á að vinna við einstök verkefni innan flokkanna getur verið mjög mismunandi og að hér eru eingöngu tiltekin helstu afgreiðsluverkefni stofnunarinnar. Þau árlegu gagnaskil sem stofnunin ber ábyrgð á er hægt að finna undir viðeigandi markmiði.

Í yfirliti yfir afgreiðsluverkefni eru sett fram máls-  
hraðaviðmið þar sem það á við. Málshraði er gefinn  
upp í dögum og eru frídagar innifaldir í heildartölu  
nema málskraði sé skemmri en fimm dagar.



# Hreint loft & takmörkun gróðurhúsaáhrifa

Við viljum hreint loft hvar sem er á landinu. Loftgæði verða að standast kröfur á landsvísu og alþjóðamælikvarða. Íslendingar eiga að uppfylla alþjóðlegar skyldur sínar í loftslagsmálum. Upplýsingar um loftgæði og loftslagsmál verða aðgengilegar öllum.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Kerfi vegna skila á loftmæligögnum til EEA	Gagnateymi
Flytja loftmæligögn í gagnagrunn	Gagnateymi
Skilagátt fyrir fyrirtæki sem skila losunarbókhaldi	Gagnateymi
Kaup og uppsetning á loftgæðastjórnunarkerfi	Loftmengun
Verkferill um móttöku og yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs	Loftmengun
Verkferill um yfirferð á losunarskýrslum	Loftmengun
Íslenskur útdráttur um losun loftmengunarefna	Loftmengun
Uppfæra efni á heimasíðu um loftslagsbreytingar	Loftmengun
Íslenskur útdráttur um framkvæmd viðskiptakerfis um losunarheimildir	Loftmengun
Listi yfir gagnaveitendur í NIR og IIR gagnasöfnun	Loftmengun

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRADI
Yfirferð skýrslna vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá staðbundnum starfsstöðvum í iðnaði	5	0	9	9	9	9	10	Loft	60
Afgreiðsla umsókna um losunaryefni vegna staðbundinna starfsstöðva í iðnaði	3	0	5	5	2	1	2	Loft	-
Yfirferð vöktunaráætlanna vegna staðbundina starfsstöðva í iðnaði		4	5	4	4	4	3	Loft	-
Afgreiðsla umsókna um losunarheimildir vegna flugs	0	0	0	0	2	2	0	Loft	-
Yfirferð vöktunaráætlana vegna flugs	30	41	1	2	0	0	0	Loft	-
Yfirferð losunarskýrslna vegna flugs	30	31	0	0	8	6	4	Loft	-
Útreikningur og/eða úhlutun losunarheimilda	7	0	5	10	13	11	10	Loft	-
Stofnun reikninga í skráningarkerfi	20	27	5	4	2	2	1	Loft	-

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um innflutning ósóneyðandi efna	UNEP	30.09.2016	Efnamál
Skýrsla um ósóneyðandi efni	ESA	30.09.2016	Efnamál
ETS. Skýrsla um framkvæmd viðskiptakerfis (Art.21, Eionet)	UNFCCC	30.06.2016	Loftmengun
ETS. Upplýsingar um vöktunaráætlanir flugrekenda	EUROCONTROL	31.12.2016	Loftmengun
ETS. Losunarskýrslur flugrekenda	ESA	31.12.2016	Loftmengun
* Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	EEA	15.01.2016	Loftmengun
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	EEA	15.01.2016	Loftmengun
* Töluleg gögn um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.02.2016	Loftmengun
Skýrsla um losun loftmengunarefna	UNECE/LRTAP	15.02.2016	Loftmengun
* Skýrslur um loftgæði og loftgæðamælingar skv 2011/850/EU	EEA	30.09.2016	Loftmengun
Skýrsla um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.04.2016	Loftmengun
Gögn um svæðisskiptingu og staðsetningu loftgæðamælistöðva	EEA	31.12.2016	Loftmengun
Árleg samantekt um óson	EEA	30.09.2016	Loftmengun
Skýrsla um áætlanir og aðgerðir í loftgæðamálum	EEA	31.12.2016	Loftmengun
Annexes of the Implementing Regulation. 749/2014	ESB	15.01.2016	Loftmengun
ETS. Skýrsla um stöðu skráningarkerfis (SIAR skýrsla)	UNFCCC	30.06.2016	Loftmengun
Töluleg gögn um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.04.2016	Loftmengun
* Spá um losun gróðurhúsalofttegunda	UNFCCC	15.03.2016	Loftmengun

\* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Priority Data Flows: <http://goo.gl/sI3V0M>

# Verndun náttúru & líffræðilegrar fjölbreytni

Við verndum lífríki og jarðminjar fyrir komandi kynslóðir. Við viljum koma á neti verndarsvæða og vinna að gerð verndaráætlana fyrir friðlýst svæði á landinu. Eftirlit og umsjón með friðlýstum svæðum verður efti. Hefta þarf útbreiðslu framandi ágengra tegunda.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Endurskoðun handbókar fyrir gerð verndaráætlana	Friðlýsingar
Uppfærsla á forgangsröðun verndar- og stjórnunaráætlana	Friðlýsingar
Uppræting lúpinu á friðlýstum svæðum	Náttúrusvæða
Gera öryggisáætlun og áhættumat fyrir öll mönnuð friðlýst svæði	Náttúrusvæða
Gera umsjónarsamninga við lögaðila um friðlýst svæði utan miðhálandis	Náttúrusvæða
Samningar við rekstraraðila í samræmi við stefnumótun	Náttúrusvæða
Ástandsgreining friðlýstra svæða með lágmarkslandvörslu	Náttúrusvæða
Uppsetning sýningar um Surtabrandsgil á Brjánslæk	Náttúrusvæða
Flutningur gestastofu á Malarrif	Náttúrusvæða
Upplýsingar um umgengisreglur á friðlýstum svæðum, náttúruverndarreglur og öryggisþættir.	Náttúrusvæða
Innleiðing á náttúruverndarlögum	Umsagna-og leyfis
Þarfagreining eftirlits á friðlýstum svæðum	Yfirstjórn
Græn ferðamannasvæði	Yfirstjórn

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRADI
Friðlýsingar	5	4	1	3	2	0	4	Friðlýsingar	-
Ársfundur náttúruverndarnefnda	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Skýrsla um friðlýsingar	1	1	1	1	1	1	1	Friðlýsingar	-
Verndar- og stjórnunaráætlanir	0	0	8	5	7	5	10	Friðlýsingar	-
Landvarðanámsskeið (hvert námskeið 110 klst.)	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi sjálfboðaliðavikna	400	493	400	412	400	406	400	Náttúrusvæða	-
Viðbrögð við brotum vegna aksturs utan vega	20	9	10	27	20		25	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla friðlýstra svæða	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fræðslu- og upplýsingaskilti á friðlýstum svæðum	20	8	12	9	11	10	9	Náttúrusvæða	-
Útgefnið bæklingar	4	0	0	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi landvörsluvikna	163	220	139	203	149	228	206	Náttúrusvæða	-
Ástandsskýrsla - rauði listinn	1	1	1	1	1	1	1	Náttúrusvæða	-
Fjöldi eftirlitsferða vegna leyfa á friðlýstum svæðum				26	36	38	45	Náttúrusvæða	-
Fjöldi afgreiðslu leyfisumsókna á friðlýstum svæðum				53	60	61	70	Náttúrusvæða	-
Skráning refa- og minkareikninga frá sveitarfélögum (fjöldi hreppa)	72	68	70	48	60	51	60	Veiði-og verndar	60

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGD
* Skrá yfir verndarsvæði (CDDA-1)	EEA	15.03.2016	Friðlýsingar

\* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Priority Data Flows: <http://goo.gl/s13V0M>

# Verndun hafs & vatns

Við viljum að allt vatn á Íslandi uppfylli gæðamarkmið um hreinleika og lífvænleika. Hafið umhverfis landið þarf að vera hreint. Þá viljum við að Ísland sé leiðandi á alþjóðavísu í vörnum gegn mengun sjávar enda virðir mengun ekki landamæri.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Samantekt á efnamælingum í grunnvatnshlotinu Rosmhvalanesi 2 (frekari lýsing)	Haf og vatn
Undirbúningur fyrir samningagerð vegna vatnamála	Haf og vatn
Vinnuáætlun fyrir vöktun samkvæmt vöktunaráætlun	Haf og vatn
Endurskoðun á skipulagi vöktunar mengandi efna í lífríki sjávar	Haf og vatn
Stöðuskýrsla um meðferð skólps	Haf og vatn
Verkferill um framkvæmd reglugerðar um kjölfestuvatn	Haf og vatn
Verkferlar vegna eftirlits með móttöku á úrgangi frá skipum	Haf og vatn
Endurskoðun á leiðbeinandi reglum um meðferð dýpkunarefnis	Haf og vatn
Endurskoðun upplýsinga um varnir gegn mengun frá skipum á heimasíðu Umhverfisstofnunar	Haf og vatn
Mengunarvarnabúnaður hafna – úttekt, nýtt skipulag og uppbygging	Haf og vatn
Forgangsröðun frárennismála sveitarfélaga	Haf og vatn

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRADI
Leyfi fyrir varpi í hafið	2	12	3	8	5	10	8	Haf og vatn	30
Samþykki fyrir lagningu sæstrengja	1	0	0	1	0	1	1	Haf og vatn	-
Staðfesting á áætlunum hafna um móttöku úrgangs	15	17	3	2	10	0	48	Haf og vatn	-
Staðfesting á skilgreiningum sveitarstjórna á viðtaka vegna fráveitna	2	0	1		1	1	1	Haf og vatn	-

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda (nitrata) frá landbúnaði	EEA	30.06.2016	Haf og vatn
* Gögn um mælingar í sjó (ME-1; EEA sækir gögn til ICES)	EEA	31.10.2016	Haf og vatn
Landfræðileg gögn um ferskvatn (Spatial Data)	EEA	29.02.2016	Haf og vatn
Gögn um gæði ferskvatns (Water Quality)	EEA	29.02.2016	Haf og vatn
Gögn um magn ferskvatns (Water Quantity)	EEA	29.02.2016	Haf og vatn
Gögn um losun efna í vatn (Water Emissions)	EEA	29.02.2016	Haf og vatn
Framburður efnamengunar með ám (RID)	OSPAR	01.11.2016	Haf og vatn
* Upplýsingar um hreinsun skólps frá þéttbýli (art. 15.4)	EEA	30.06.2016	Haf og vatn
Skýrsla um varp á úrgangi í hafið	OSPAR	01.09.2016	Haf og vatn
Innflutningur svartolíu	IMO	30.04.2016	Haf og vatn
Stöðuskýrsla um meðferð skólps	ESA	01.11.2016	Haf og vatn
Monitoring Programme (CEMP)	OSPAR	31.07.2016	Haf og vatn
Eftirlitsflug og mengunaráhopp	CPH	01.10.2016	Haf og vatn
Skýrsla um óhöpp, losun og frárennslí frá olíustöðvum á sjó	OSPAR	01.11.2016	Haf og vatn

\* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Priority Data Flows: <http://goo.gl/sl3V0M>

# Heilnæmt umhverfi

Við viljum skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Tryggja að á markaði séu ekki efni eða vörur sem innihalda skaðleg efni. Við stuðlum að því að framleiðendur séu meðvitaðir um skyldur sínar og almenningur upplýstur um rétt sinn. Við vinnum að bættri hollustuvernd með samræmingu og í samstarfi við heilbrigðisnefndir.

## Áhersluverkefni

	TEYMI
Eru ósoneyðand kælmiðlar ennþá á markaði	Efnamál
Innflutningur falsaðra snyrtivara	Efnamál
Efnainnihald gúmmikulrs á gervigrasvöllum	Efnamál
Botnmálning á skip - eru þessar vörur löglegar á markaði	Efnamál
Viðmið fyrir ákvörðun dagsekta	Efnamál
Hreingerninga-og snyrtivörur í torgsölu	Efnamál
Kynningarfundur á reglum um meðferða plöntuverndarvara	Efnamál

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRAÐI
Notendaleyfi		0	120	82	42	70	55	Efnamál	
Veiting tímabundinnar skráningar fyrir plöntuvarnarefni	35	47	25	75	0	0	0	Efnamál	
Veiting markaðsleyfa fyrir plöntuvarnarefni	3	0	0	0	0	0	0	Efnamál	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi plöntuverndarvara	0	0	8	0	3	0	2	Efnamál	
Gagnkvæm viðurkenning á markaðsleyfi sæfivara	6	0	4	2	3	2	3	Efnamál	90

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Skýrsla um þrávirk lífræn efni	ESA	20.05.2016	Efnamál
Skýrsla um gæði fljótandi jarðefnaeldsneytis	ESA	30.06.2016	Efnamál
Skýrsla um magn brennisteins í fljótandi eldsneyti	ESA	30.06.2016	Efnamál

# Sjálfbær nýting auðlinda

Við viljum stuðla að sjálfbærri og skilvirkri nýtingu auðlinda, s.s. hráefna, jarðefna, villtra dýrastofna, orku og ferðamannastaða. Við munum halda auðlindabókhald. Draga þarf úr myndun úrgangs og efla úrgangsstjórnun með aukinni flokkun, endurvinnslu og endurnýtingu enda er úrgangur verðmætt hráefni. Við viljum draga úr neikvæðum áhrifum úrgangs á umhverfi og heilsu manna.

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLS- HRÆÐI
Eftirlit með erfðabreyttum lífverum	8	9	7	5	8	9	8	Eftirlit	-
Eftirlit með framkvæmdum á friðlýstum svæðum	45		30			10	25	Náttúrusvæða	-
Leyfi til urðunar á sóttmenguðum dýraúrgangi	10	18	2	16	16	14	14	Neytenda	3
Útgefn Svansleyfi	7	3	3	3	3	1	2	Neytenda	-
Endurvottun Svansleyfi			9	0	19	19	8	Neytenda	
Tilkynningar vegna flutnings úrgangs á milli landa	18	18	18	25	25	17	17	Neytenda	30
Leyfi til að mynda á friðlýstum svæðum	20	33	35	19	25	25	25	Umsagna-og leyfis	15
Leyfisveitingar til framkvæmda á friðlýstum svæðum	70	29	40	27	30	30	30	Umsagna-og leyfis	15
Leyfisveitingar vegna erfðabreyttra lífvera	6	2	3	2	4	5	4	Umsagna-og leyfis	90
Fjöldi skotvopnanámskeiða (fjöldi þátttakenda)	24(650)	23(701)	24(650)	24(614)	24(650)	24(570)	24(600)	Veiði-og verndar	-
Fjöldi veiðinámskeiða	24(650)	23(666)	24(650)	24(683)	24(650)	24(524)	24(600)	Veiði-og verndar	-
Námskeið fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	1	0	1	0	1	0	1	Veiði-og verndar	-
Skil á veiðiskýrslum veiðikorthafa undangengis árs	95	92	95	92	92	90	92	Veiði-og verndar	-
Móttaka og skráning á veiðiskýrslna	12000	11715	12000	12270	12000	11187	12000	Veiði-og verndar	-
Umsóknir um hreindýraveiðileyfi	4000	3610	4000	3602	4000	3673	4000	Veiði-og verndar	-
Leyfi fyrir leiðsögumenn með hreindýraveiðum	30	5	5	1	5	1	100	Veiði-og verndar	40
Útgefn veiðikort	12000	12065	12000	11985	12000	11504	12000	Veiði-og verndar	3
Útgefn leyfi vegna hreindýraveiði	1229	1195	1277	1237	1412	1348	1300	Veiði-og verndar	5 - 7
Leyfi til myndatöku við hreiður fugla	15	19	20	20	20	14	20	Veiði-og verndar	15
Eftirlit með hreindýraveiðum - fjöldi daga	40	18		20	20	12	20	Veiði-og verndar	-
CITES leyfisveitingar	26	31	30	39	30	13	20	Veiði-og verndar	15
Umsagnir um undanþágur frá villidýralögum	1	0	2	3	2	1	2	Veiði-og verndar	14
Umsagnir um undanþágur á innfl. á framandi lífverum	3	1	3	2	3	5	2	Veiði-og verndar	-
Umsagnir um undanþágur varðandi skotvopn		14	12	32	32	16	30	Veiði-og verndar	

## Áhersluverkefni

Leiðbeiningar um lokaúttekt hjá urðunarstöðum	Eftirlit
Setja upp vefgátt til að skila úrgangsgögnum og gagnagrunn fyrir úrgangsgögnum	Gagna
Fræðslufundir fyrir hagsmunaaðila um úrgangsstjórnun	Neytenda
Skýrslur um innleiðingu úrgangsgerða	Neytenda
Skil á skýrslu um útflutning spilliefna	Neytenda
Setja upp rafræna veiðidagbók	Upplýsinga
Tillaga um mikilvægustu verkefni úr villidýraskýrslu	Veiði-og verndar
Samstarf Umhverfisstofnunar og lögreglu með eftirlit með hreindýraveiðum	Veiði-og verndar
Heimild til að selja afurðir dýra sem falla fyrir slysaskotum	Veiði-og verndar
Ráðstefna, kynning á verkefnum styrktum af veiðikortasjóði.	Veiði-og verndar
Innleiðing rafrænnar afgreiðslu veiðikorta	Veiði-og verndar
Endurmenntunarnámskeið fyrir hreindýraleiðsögumenn	Veiði-og verndar

[framhald á næstu síðu »](#)

## Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
Svar við fyrirspurn OIC um hvort og hvernig Ísland ætli að uppfylla OSPAR tilmæli 2010/18	OSPAR	22.02.2016	Haf og vatn
Urðun úrgangs- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 1999/31/EC	ESA	30.06.2016	Neytenda
Oliúrgangur - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 75/439/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Seyra - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 86/278/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Árleg viðbótarskýrsla um flutning á úrgangi	ESA	31.12.2016	Neytenda
Árleg skýrsla til Basel samningsins	SBC	31.12.2016	Neytenda
Umbúðaúrgangur - Tölfræði og staða markmiða árið 2014	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda
Umbúðir - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 94/62/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Tölfræði fyrir árið 2014 til birtingar í Landshögum	Hagstofu	01.04.2016	Neytenda
Sustainable Development Indicator on Municipal Waste fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
Kortlagning hávaða fyrir stóra vegi og þéttbýlissvæði	ESA	15.07.2017	Neytenda
Heimilisúrgangur- Tölfræði og staða markmiða fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
Rammtilskipun um úrgang - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2008/98/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Titaníumdíoxíðiðnaður - Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 78/176/EEC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Summary of notification of deliberate releases of GMOs for any other purpose than for placing on the market	DG ENV (EC)	Eftir þörfum	Umsagna-og leyfis
Summary report on class 3 and class 4 contained uses	DG ENV (EC)	31.12.2016	Umsagna-og leyfis
Upplýsingar til UAR fyrir Annual report árlega	CITES	Eftir óskum	Veiði-og verndar
Upplýsingar til UAR fyrir Biannual report annað hvert ár	CITES	Eftir óskum	Veiði-og verndar
Brennsla úrgangs- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/76/EC	ESA	30.09.2016	Neytenda
Úrgangur frá námuiðnaði- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2006/21/EC	ESA	01.02.2016	Neytenda
WEEE-Tölfræði og staða markmiða árið 2015	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda
Úr sér gengin ökutæki- tölfræði og staða markmiða árið 2014	Hagstofu	30.06.2017	Neytenda
Rafhlöður og rafgeymar - Tölfræði og staða markmiða fyrir söfnun og endurvinnslu árið 2015	Hagstofu	30.06.2016	Neytenda
Byggingar- og niðurrífsúrgangur -Tölfræði og staða markmiða fyrir árið 2015	Hagstofu	30.11.2016	Neytenda
Úr sér gengin ökutæki- Skýrsla um innleiðingu tilskipunar 2000/53/EC	ESA	21.01.2016	Neytenda

## MARKMIÐ 6

## Grænt samfélag

Við viljum taka skref í átt að grænu samfélagi með áherslu á græna nýsköpun. Auka þarf vistvæn innkaup hjá stofnunum og fyrirtækjum og hlut umhverfismerktar vöru í innkaupum almennings. Við upplýsum almenning og fyrirtæki um leiðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum. Við viljum auka vitund almennings um tengsl lýðheilsu og útivistar. Við veitum upplýsingar til almennings um ástand umhverfisins.

## Áhersluverkefni

Bættar upplýsingar um gönguleiðir á Hornströndum	Náttúrusvæða
Innleiðingaverkefni náttúruverndarlög: Kynningar um nýjum náttúruverndarlögum í formi greina/pistlar um umgengni á friðlýstum svæðum og náttúru Íslands	Náttúrusvæða
Græn helgi: Stigagerð og aðrir verndarráðstafarnir með Íslenskum Sjálfbæðisáhrifum úr framhaldsskólanum	Náttúrusvæða
Átak í fræðslu um utanvegarkstur	Náttúrusvæða
Kynna Svaninn fyrir nýjum fyrirtækjum	Neytenda
Uppfærsla á vörulista Svansins	Neytenda
Markaðssetningarverkefni Svansins með birgjum og leyfishöfum	Neytenda
Heimasíða um matarsóun	Neytenda
Hjólástæði fyrir utan S24	Rekstrar

framhald á næstu síðu »

## Grænt samfélag framhald

Afgreiðsluverkefni	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLSHRAÐI
Grænt bókhald frá atvinnurekstri	50	53	50	52	50	50	50	Eftirlit	
Eftirfylgnismál vegna skila á grænu bókhaldi	7	9	8	9	8	5	8	Eftirlit	
Umsóknir um Svansleyfi	5	5	5	5	5	1	3	Neytenda	-
Yfirferð árskýrsla leyfishafa Svansins	24	20	25	16	6	6	19	Neytenda	-
Eftirlitsferðir til leyfishafa Svansins	24	18	23	7	6	6	3	Neytenda	-
Viðbótareftirlitsferðir Svansins		5	0	0	0	0	0	Neytenda	

### Gagnaskil

	SKIL TIL	SKILAFRESTUR	ÁBYRGÐ
* Skýrsla um útstreymisbókhald (e-PRTR)	ESA	31.03.2016	Eftirlit

\* Gagnaskil sem merkt eru í listanum teljast til Eionet Priority Data Flows: <http://goo.gl/sl3VOM>

# Samþætting & eftirfylgni

Við viljum tryggja bættu framkvæmd laga og reglna á umhverfissviði með markvissara eftirliti og eftirfylgni. Áhersla verður á samvinnu við hagsmunaaðila og bættu þjónustu. Jákvæðar og hvetjandi aðgerðir notaðar til að fá atvinnulíf og sveitarfélög til að sinna sínum skyldum af ábyrgð. Beitum okkur fyrir samþættingu umhverfissjónarmiða í öllum geirum samfélagsins. Höldum á lofti hagsmunum umhverfis og náttúru við opinbera stefnumótun.

### Áhersluverkefni

Eftirlit með framkvæmdum - Vinnulýsing	Eftirlit
Undirbúningur fyrir veggátt fyrir gagnaskil starfsleyfishafa	Eftirlit
Bætt yfirlit og tölræði um eftirfylgni eftirlits	Eftirlit
Leiðbeiningar um oliuskiljur	Eftirlit
Leiðbeiningar um eftirfylgni frávíka	Eftirlit
Gagnagrunnur og veggátt fyrir umsóknir	Gagna
Eftirlitsverkefni um þrif í leikskólum	Neytenda
Aukin aðkoma almennings að ákvörðunum	Umsagna-og leyfis
Forgangsröðun fyrir endurskoðun starfsleyfa	Umsagna-og leyfis
Verkefnagátt fyrir nemendaverkefni og starfsnám	Umsagna-og leyfis
Erfðabreyttar lífverur - verkferlar sbr. innri úttekt	Umsagna-og leyfis

Afgreiðsluverkefni	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁL- HRAÐI
Tillögur að reglugerðum	16	18	15	16	15	31	20	Eftirlit	-
Greiningar á EES - gerðum	66	142	100	164	120	72	90	Eftirlit	-
Mengunarvarnareftirlit	160	138	150	141	95	95	90	Eftirlit	-
Eftirfylgnismál stofnuð í kjölfar mengunarvarnareftirlits	35	46	40	24	30	34	25	Eftirlit	-
Þingmál frá Alþingi, þingsályktanir og frumvörp	32	24	30	18	15	9	12	Umsagna-og leyfis	-
Umsagnir vegna stjórnáslukæra	6	1	3	3	2	6	5	Umsagna-og leyfis	14
Mat á umhverfisáhrifum	45	55	50	44	50	39	30	Umsagna-og leyfis	15-21
Umsagnir um skipulagsáætlanir	120	203	210	185	215	235	224	Umsagna-og leyfis	120
Starfsleyfi - útgefin	18		15	15	12	22	29	Umsagna-og leyfis	180
Umsagnir um undanþágur frá starfsleyfum	15	25	25	14	20	15	15	Umsagna-og leyfis	14
Leyfisveitingar vegna rannsóknaleyfa á friðlýstum svæðum						9	12	Umsagna-og leyfis	

# Leiðandi stofnun

Við viljum starfa í öflugri stofnun þar sem skipulag, þekking, tæki og tól eru til staðar til að veita landsmönnum góða þjónustu. Við viljum geta sinnt skyldum okkar og verkefnum í átt að sjálfbærri þróun. Við stuðlum að því að vera eftirsóttur vinnustaður sem við erum stolt af og erum fremst á okkar sviði. Við notum gagnsæ og öguð vinnubrögð og leggjum áherslu á að vinna með fólki.

## Áhersluverkefni

Áætlun um tíðari miðlun fréttu um stöðu eftirlits	Eftirlit
Mánaðarlegar fréttir frá friðlýsingateymi á heimasíðu	Friðlýsingar
Tilkynningar um gagnagrunna til Þjóðskjalasafns	Gagna
Koma á "þjónustuborði" fyrir starfsmenn UST fyrir tölvuþjónustu og aðbúnað	Gagna
Samantekt um INSPIRE hæf gögn vegna úrgangs	Gagna
EIONET core data flows - gögnum skilað á réttum tíma	Gagna
Gagnaskil til alþjóðastofnana 2016 (önnur en core data flows)	Gagna
Grænt bókhald Umhverfisstofnunar - 2015	Rekstrar
Mobile vefsíða Umhverfisstofnunar	Upplýsinga
Tíftþjarkar - t.d. loftgæðatístir, starfsleyfi, hreindýraveiði, umhverfis	Upplýsinga
Uppfæra skipulag forsiðu	Upplýsinga
Áætlun um þjálfun starfsfólks og viðhald þekkingar	Yfirstjórn
Frammistöðumat starfsfólks	Yfirstjórn
Gera greiningu vegna nýrra staðla -14001 og 9001	Yfirstjórn
Heildarendurskoðun gjaldskrár	Yfirstjórn
Endurskoðun á verkþéttum Umhverfisstofnunar	Yfirstjórn
Uppsetning á mælingahugbúnaði fyrir símkerfi	Yfirstjórn
Fjöldi símtala sem er ekki svarað	Yfirstjórn
Allir starfsmenn séu í merktum fatnaði í eftirliti og landvörslu	Yfirstjórn
Endurskoðun samráðsfunda með hagsmunaaðilum	Yfirstjórn

## Afgreiðsluverkefni

	ÁÆTLUN 2013	RAUN 2013	ÁÆTLUN 2014	RAUN 2014	ÁÆTLUN 2015	RAUN 2015	ÁÆTLUN 2016	TEYMI	MÁLSHRAÐI
Útgáfa ársskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	
Útgáfuáætlun	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	
Útgáfa umhverfisskýrslu	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	
Útgáfa ársáætlunar	1	1	1	1	1	1	1	Upplýsinga	



# Áætlaður rekstur árið 2016


Árið 2016 er áætlað að rekstrargjöld Umhverfisstofnunar nemi 1.275 m.kr. og rekstartekjur 411 m.kr. Mismunur tekna og gjalda nemur samkvæmt því 864 m.kr. Fjárheimild til reksturs árið 2016 er 816 m.kr. 78 m.kr. eru færðar frá fyrra ári og afgangur frá rekstri því 30 m.kr.


Umhverfisstofnun leggur ríka áherslu á styrka og gagnsæja fjármálastjórn, aðhald á öllum sviðum og virkt eftirlit með innheimtu tekna. Sviðstjórar fylgjast mánaðarlega með þróun gjalda og tekna á sínu sviði í samanburði við rekstraráætlun í samvinnu við fjármálastjóra. Heildarstaða stofnunarinnar er rædd á yfirstjórnarfundi í kjölfarið og gripið til aðgerða ef þörf krefur.

## Áætluð rekstrargjöld árið 2016

Mynd 1 sýnir hvernig áætluð rekstrargjöld Umhverfisstofnunar árið 2016 (1,275 m.kr.) skiptast niður á miðlægan rekstur og fagteymi stofnunarinnar.

Undir miðlægum rekstri er ýmis innri starfsemi, s.s. rekstarteymi sem annast m.a. bókhald, sím-vörslu og innkaup. Þar undir fellur einnig húsnæði í Reykjavík og á Akureyri, bifreiðar, mótuneyti og yfirstjórn. Gagnateymi veitir þjónustu vegna upplýsingatækni og aðstoðar við að innleiða nýja tækni innan stofnunarinnar. Upplýsingateymi annast heimasíðu og samfélagsmiðla stofnunarinnar, auk kynningar- og útgáfumála. Þessi starfsemi tilheyrir





MYND 2

öll sviði þjónustu.

Neytendateymi, efnateymi og veiði- og verndarteymi tilheyra sviði sjálfbærni. Neytendateymi vinnur að verkefnum sem stuðla að grænna samfélagi og aukinni vitund almennings um umhverfismál. Efnateymi vinnur að því að skapa heilnæmt umhverfi fyrir alla og lágmarka áhrif skaðlegra efna á lífríki og heilsu manna. Veiði- og verndarteymi vinnur að því að tryggja viðgang og náttúrulega fjölbreytni villtra dýrastofna með stýringu á veiðum og nýtingu, auk þess að standa fyrir skotvopna- og veiðikortanámskeiðum um allt land.

Loftmengunarteymi, haf- og vatnsteymi og náttúrusvæðateymi tilheyra sviði náttúru. Loftmengunarteymi stuðlar að því að dregið sé úr losun gróðurhúsalofttegunda og að almenningur

og stjórnvöld séu upplýst um stöðu og horfur í loftslags- og loftgæðamálum, auk þess að fylgjast með losun loftmengunarefna. Haf- og vatnsteymi vinnur að því að dregið sé úr mengun hafs og stranda frá starfsemi á sjó og að brugðist sé rétt við bráðamengun, auk þess að viðhalda og bæta vatnsgæði, m.a. með bættri fráveitu. Náttúrusvæðateymi vinnur að því að tryggja verndargildi friðlýstra svæða til framtíðar, t.d. með landvörslu, fræðslu og bættum innviðum.

Umsagna- og leyfisteymi, friðlýsingateymi og eftirlitsteymi tilheyra sviði samþættingar. Umsagna- og leyfisteymi vinnur leyfi fyrir mengandi starfsemi og leyfi á friðlýstum svæðum, ásamt samþættingu umhverfissjónarmiða við áætlanir stjórnvalda og álitsgjöf um mat á umhverfisáhrifum. Friðlýsingateymi annast undirbúning friðlýs-

inga og vinnur verndar- og stjórnunaráætlanir fyrir friðlýst svæði. Eftirlitsteymi annast eftirlit með mengandi starfsemi og samræmingu verkefna sem tengjast samningnum um Evrópska efnahagssvæðið.


## Áætlaðar rekstrartekjur árið 2016

Mynd 2 sýnir skiptingu helstu tekjustofna Umhverfisstofnunar árið 2016 en rekstrartekjur stofnunarinnar eru áætlaðar 411 m.kr. Stærstu tekjustofnarnir eru vegna hreindýraveiðileyfa og veiðikorta en þeir falla báðir undir veiði- og verndarteymi (sjá mynd 1). Þetta eru að stærstum hluta svokallaðar gegnumstreymistekjur, þ.e. þær renna í sjóði í umsýslu stofnunarinnar og er síðan útteilt þaðan til þriðja aðila.


Umhverfis- og auðlindaráðuneyti auglýsir árlega veiðikvóta fyrir hreindýr samkvæmt tillögu Umhverfisstofnunar sem sér um sölu veiðileyfa gegn gjaldi sem ráðherra umhverfismála ákveður. Tekjurnar renna í hreindýrasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Árið 2016 er áætlað að tekjur vegna leyfa til að veiða hreindýr nemi 129 m.kr. Þar

af verði 103,5 m.kr. greiddar í arð til landeigenda og 11,5 m.kr. til Náttúrustofu Austurlands sem vaktar hreindýraveiðar. Sjóðurinn stendur einnig undir kostnaði Umhverfisstofnunar og hreindýráðs við eftirlit og stjórn hreindýraveiða. Veiðikvóti hreindýra árið 2016 verður 1.300 dýr í stað 1.412 dýra árið 2015, þar af verða 452 veiðileyfi vegna tarfa og 848 leyfi vegna kúa. Verð fyrir tarfaleyfi er 135 þ.kr. og leyfi fyrir kú 80 þ.kr.

Samkvæmt lögum um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum verða allir sem stunda veiðar á þeim að hafa veiðikort. Umhverfisstofnun annast útgáfu veiðikorta gegn gjaldi. Gjaldið rennur í veiðikortasjóð sem er í umsýslu Umhverfisstofnunar. Ráðherra umhverfismála úthlutar úr sjóðnum til rannsókna, vöktunar og stýringar á villtum dýrastofnum, auk þess sem hann stendur undir kostnaði Umhverfisstofnunar við útgáfu kortanna. Tekjur af veiðikortum árið 2016 eru áætlaðar 45 m.kr., þar af er gert ráð fyrir að framangreindir styrkir umhverfis- og auðlindaráðherra nemi 27 m.kr.



MYND 3. ÁÆTLAÐAR FRAMKVÆMDIR ÁRIÐ 2016 Í ÞJÓÐGARÐINUM SNÆFELLSJÖKLI OG Á FRIÐLÝSTUM SVÆÐUM SKIPT EFTIR LANDSHLUTUM



## Áætlaðar framkvæmdir árið 2016

Mynd 3 sýnir áætluð útgjöld við framkvæmdir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli og á friðlýstum svæðum skipt eftir landshlutum árið 2016, samtals kr. 247 m.kr. Þessar framkvæmdir eru annars vegar fjármagnaðar með fjárveitingum á fjárlögum (54,8 m.kr.) og hins vegar með styrkjum (192 m.kr.) úr Framkvæmdasjóði ferðamannastaða og fjárframlögum frá ríkisstjórn árið 2015 sem ekki tókst að ráðstafa á því ári.

Eins og myndin sýnir eru umfangsmestu framkvæmdirnar áætlaðar á Suðurlandi (136 m.kr.), einkum við Gullfoss, Geysi, Dyrhólaey og í Friðlandi að Fjallabaki. Stærstu framkvæmdaliðir í Þjóðgarðinum Snæfellsjökli (27 m.kr.) lúta að flutningi gestastofu að Malarriði og stígagerð við Skarðsvík. Á Vestfjörðum (30 m.kr.) mun þungi framkvæmda verða við uppbygginu á aðstöðu við Dynjanda.

## Endurgreiðslur til sveitarfélaga vegna refa- og minkaveiða árið 2016

Umhverfis- og auðlindaráðherra ákveður árlega taxa fyrir laun minkaveiðimanna en sveitarfélög greiða þeim fyrir veiðarnar. Sveitarfélögin senda Umhverfisstofnun skýrslu um veiðarnar, ásamt reikningum sem stofnunin endurgreiðir þeim í samræmi við taxa ráðherra. Úthlutun til sveitarfélaga vegna refaveiða er í samræmi við þriggja ára áætlun sem er að líða undir lok. Samningar um greiðslur fyrir refaveiðar eru gerðir fyrirfram. Áformað er að leggja mat á árangur þessa verkefnis árið 2016. Áætlað er að endurgreiðslur vegna refaveiða nemi 32 m.kr. árið 2016 og vegna minkaveiða 18 m.kr.



